



Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. ágúst 2022
VEL22080019

Efni: Umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um drög að frumvarpi til laga um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar ásamt umsögn um öryggisþjónustu – kortlagningu, greiningu, stefnu og áætlun.

Vísað er til máls nr. 100/2022 sem birt hefur verið á samráðsgátt stjórnvalda er varðar drög að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun. Einnig er vísað til máls nr. 99/2022 á samráðsgátt stjórnvalda er varðar öryggisþjónustu - kortlagningu, greiningu, stefnu og áætlun. Þar sem um tengd mál er að ræða sendir velferðarsvið Reykjavíkurborgar eina umsögn um málin enda eru helstu ábendingar og álitamál samhljóða.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er því fagnað að drög að frumvarpi að lögum um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar sé lagt fram þar sem það er mikilvægt skref í að tryggja mannréttindi og réttarstöðu þess viðkvæma hóps sem um ræðir enda hefur óvissa ríkt á þessu sviði hvað varðar meðferð þessara mála. Tekið er undir það sem fram kemur í inngangi að frumvarpsdrögunum varðandi það að skortur á umgjörð hafi leitt til þess að dómur og úrskurðir eru á ýmsa vegu og ekki er skýrt hver beri ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þar að auki kemur þar fram að framkvæmd öryggisgæslu og öryggisvistunar sé með ýmsu móti, yfirsýn skorti yfir þá sem sæta slíkum ráðstöfunum og endurskoðun eða mat á aðstæðum sé ekki með skipulögðum hætti.

Þeir einstaklingar sem umræddar ráðstafanir varða eru í flestum tilfellum fullorðnir einstaklingar með fjölþættan vanda og hefur verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verið mjög óskýr. Mikilvægt er að gripið sé fyrir inn í vanda þessara einstaklinga með sértækum úrræðum á vegum ríkisins þar sem fyrst og fremst er um öryggis- og heilbrigðisþjónustu að ræða. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum mætt kröfum geðdeildar Landspítalans um langtímabúsetuúrræði fyrir einstaklinga með alvarlegar geð- og þroskaraskanir og/eða fíkn sem þurfa á viðvarandi geðheilbrigðisþjónustu eða vistun í öruggu úrræði að halda. Nauðsynlegt er að stjórnvöld meti þjónustuþörf þeirra sem glíma við alvarlegan geðheilsuvanda og móti hvernig best verði brugðist við þeirri þörf á heildstæðan hátt, m.a. hvernig haga eigi starfsemi, ábyrgðarskiptingu og samhæfingu þjónustuaðila, óháð stjórnsýslustigum og þjónustukerfum. Það mat og sú áætlanagerð krefst samráðs við þá aðila sem veita þjónustuna.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggur mikla áherslu á að vinnu við setningu laga um öryggisráðstafanir og öryggisvistun verði hraðað jafnhliða því að vandað verði til verka með það að markmiði að bæta úr óskýrleika og tryggja mannréttindi og réttarstöðu þeirra einstaklinga sem um ræðir. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri með von um að þær verði til að tryggja vandað frumvarp og stefnuskjal.

I. Almennar athugasemdir:

a) Breyting á sérlögum

Í greinargerð með drögum að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun kemur fram að stefnt sé að því að lagðar verði fram breytingar á sérlögum í tengslum við lagamma í kringum öryggisvistun, þ.e. breytingar á lögræðislögum nr. 71/1997, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011.

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar telur nauðsynlegt að frumvarp til lagabreytinga á framangreindum lögum verði lagt fram samhliða frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun enda brýnt að það liggi skýrt fyrir á hvaða grundvelli einstaklingar verða dæmdir eða úrskurðaðir til öryggisvistunar. Rétt er að hafa í huga að lagagrundvöllur öryggisvistunar er forsenda þess að fyrirliggjandi drög að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun geti komið til framkvæmda. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur að ekki sé unnt að veita fullnægjandi umsögn um fyrirliggjandi frumvarp þar sem framangreindar lagabreytingar liggja ekki fyrir þar og er því margt óljóst við yfirlestur frumvarpsdraganna enda er ekki skýrt hvernig grundvöllur, umgjörð og framkvæmd öryggisvistunar kemur til með að vera.

Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er mikilvægt að ekki sé kveðið á um öryggisvistun í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 né lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Telur velferðarsvið Reykjavíkurborgar að það sé ekki í samræmi við markmið og inntak laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 að í þau séu sett ákvæði er fela í sér þvingunarúrræði. Eðlilegra er að gerðar séu breytingar á lögræðislögum nr. 71/1997 hvað varðar umrædd þvingunarúrræði vegna öryggisvistunar enda í samræmi við eðli og inntak lögræðis laga.

Þá er það nauðsynlegt að lagabreytingar í tengslum við öryggisvistun taki gildi á sama tíma og frumvarp það sem hér er fjallað um verður að lögum enda brýnt að við það tímamark liggi fyrir hvernig einstaklingur kemur til með að sæta öryggisvistun.

Að lokum er rétt að taka það fram að mikilvægt er að greinarmunur á öryggisvistun, öryggisgæslu og öðrum öryggisráðstöfunum komi skýrt fram í drögum að frumvarpi að lögum um öryggisráðstafanir og öryggisvistun, enda koma þessar ráðstafanir til með að grundvallast á ólíkum lagagrundvelli. Í vissum tilfellum væri eðlilegra að afmarka hvert úrræði fyrir sig, t.d. með því að hafa aðskilda kafla fyrir hvert úrræði, þ.e. 1) öryggisgæsla 2) aðrar öryggisráðstafanir 3) öryggisvistun, þar sem sérstaklega eru dregin fram séreinkenni hvers úrræðis. Þá væri hægt að kveða á um þau atriði sem eru sameiginleg með öllum úrræðum í öðrum köflum. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar væri slíkt til þess fallið að gera drög að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun skýrara.

b) Orðalag

Hugtakið *öryggisþjónusta* er að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ekki lýsandi fyrir þær ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja þeim sem eru hættulegir sjálfum sér og/eða öðrum viðeigandi stuðning. Þjónusta er hugtak sem almennt er tengt við óskir einstaklings um tiltekin gæði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.e. einstaklingur sækir um þjónustu en er ekki þvingaður til að þiggja þjónustu. Velferðarsvið leggur því til að yfirskrift í drögum að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun og stefnu verði „öryggisráðstafanir á Íslandi“ og að fundið verði annað samheiti yfir öryggisráðstafanir eins og þær eru skilgreindar í drögum að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun og stefnuskjali.

Þá er hugtakið *notandi* skilgreint á eftirfarandi hátt í íslenskri nútímamálsorðabók Árnastofnunar „sá eða sú sem notar vöru eða þjónustu“. Sá aðili sem sætir öryggisráðstöfun eða öryggisvistun er þvingaður til að nýta úrræðið og er því að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar æskilegra að fjalla um einstakling eða skjólstæðing í þessu samhengi.

c) Fjármögnun

Í 72. gr. frumvarpsdraganna er vikið að kostnaði vegna öryggisráðstafana og þar kemur m.a. fram að lögheimilissveitarfélag greiði ígildi SIS-framlags (svokallað SIS-A framlag) og einnig er fjallað um slíkar greiðslur í stefnunni. Hins vegar kemur fram í *kafla I – kortlagning – greining – kostir* að hvað varði batamiðaða þjónustu í öryggisgæslu þá geti mögulega verið um fast framlag að ræða frá sveitarfélagi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggst alfarið gegn því að sveitarfélög greiði föst framlög líkt og fram kemur í *kafla I; kortlagning – greining – kostir*.

Þá vekur velferðarsvið Reykjavíkurborgar athygli á því að upp geta komið aðstæður þar sem einstaklingur er ekki með SIS-A mat og er þá ekki um að ræða greiðslur frá Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga. Því er mikilvægt að kveðið sé skýrt á um það í frumvarpinu að þegar viðkomandi er ekki með SIS-A mat þá sé ríkinu skylt að greiða þann kostnað þar sem lögheimilissveitarfélag fær ekki greitt fyrir SIS-A mat frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í drögum að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun er einungis vikið að kostnaði vegna öryggisráðstafana en hvergi er í frumvarpinu vikið að kostnaði vegna öryggisvistana (72. gr.). Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er brýnt að kveðið verði á um ábyrgð á kostnaði vegna öryggisvistana og telur velferðarsvið Reykjavíkurborgar að kostnaður vegna öryggisvistana skuli greiddur af ríkissjóði.

Að lokum leggur velferðarsvið Reykjavíkurborgar áherslu á að umrætt frumvarp verði kostnaðarmetið samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 enda mögulegt að frumvarpið hafi fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög. Þá kemur ekki fram í frumvarpsdrögum mat á áhrifum á ríkissjóð en ætla verður að uppbygging nýrrar stofnunar, Öryggisþjónustu ríkisins, muni hafa fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð enda brýnt að stofnunin hafi nægt fjármagn til að tryggja þá starfsemi og þjónustu sem henni er ætlað að veita.

d) Húsnæði

Hluti af þeim vanda sem hefur skapað það óvissuástand sem nú ríkir er að ekki hefur verið til staðar viðeigandi húsnæði fyrir starfseminum sem uppfyllir bæði kröfur sem gera verður vegna mannréttinda þeirra sem þar munu dvelja og vegna öryggisaðstæðna. Ný lög um öryggisráðstafanir og öryggisvistun munu ekki ná markmiði sínu nema tryggt sé að til staðar sé viðeigandi húsnæði fyrir starfseminum. Í greinargerð með drögum að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun kemur fram að ekki sé til sérstakur öryggisþjónustustaður

sem sinni almennri öryggisgæslu og öryggisvistun en húsnæði sé í byggingu og gert sé ráð fyrir að það verði fullbyggt fyrri hluta ársins 2024 (20. gr.). Samkvæmt frumvarpsdrögum er lögum ætlað að taka gildi þann 1. júní 2023. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar bendir á að mikilvægt sé að samræmi sé á milli gildistöku laganna og þess úrræðis sem á að taka við einstaklingum á grundvelli laganna. Mjög mikilvægt er að af hálfu ríkisins verði unnið hratt að því að koma á fót húsnæði sem uppfyllir kröfur og að lögin taki ekki gildi fyrr en það verði til staðar.

e) Úrræði fyrir börn

Í drögum að frumvarpi að lögum um öryggisráðstafanir og öryggisvistun er almennt talað um „barnaverndaryfirvöld“ og því ekki ljóst af því hvort um sé að ræða úrræði á ábyrgð barnaverndaryfirvalda sveitarfélaga eða ríkisins. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur skýrt að þetta séu úrræði á ábyrgð ríkisins og því skuli lögin kveða á um að það sé Barna- og fjölskyldustofa sem ber ábyrgð á að slík úrræði séu til staðar þegar um börn er að ræða.

Þá er nauðsynlegt drög að frumvarpi að lögum um öryggisráðstafanir og öryggisvistun sé skoðað sértaklega hvaða heimildir og lagagrundvöllur liggja að baki því að börn sæti öryggisráðstöfun og öryggisvistun.

f) Athugasemdir varðandi öryggisþjónustu; kortlagning og greining auk stefnu og áætlunar (mál nr. S- 99/2022)

i. Grundvöllur vistunar

Í stefnuskjali er gert ráð fyrir að einstaklingar undirgangist öryggisráðstafanir með þrennum hætti. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gerir ekki athugasemdir við fyrstu tvo þættina þar sem grundvöllur vistunar byggir á dómi. Þriðji þátturinn felur í sér að „*einstaklingur sem hefur notið þjónustu sveitarfélags á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er dæmdur á grundvelli lögræðislaga nr. 71/1997 eða annarra laga.*“ Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ítrekar fyrri athugasemd og telur brýnt að gerðar verði breytingar á lögræðislögum en ekki á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 þar sem þeim er ætlað að tryggja réttindi fatlaðs fólks en ekki kveða á um þvingunaraðgerðir. Auk þess leggur velferðarsvið Reykjavíkurborgar áherslu á að þær lagabreytingar verði lagðar fram samhliða frumvarpi að lögum um öryggisráðstafanir og öryggisvistun enda er forsendan fyrir samþykki laganna að grundvöllur öryggisvistana sé skýr.

ii. Skilgreining öryggisráðstafana

Í stefnuskjali er fjallað um eftirfarandi tegundir öryggisráðstafana: 1) Ítrasta öryggisgæsla (á réttargeðdeild), 2) Batamiðuð þjónusta í öryggisgæslu, 3) Öryggisvistun og 4) Aðrar vægari öryggisráðstafanir. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þarf að skýra betur mun á batamiðaðri þjónustu í öryggisgæslu og batamiðaðri þjónustu í öryggisvistun.

iii. Skilgreining markhópa

Í stefnuskjali er fjallað um skilgreiningu markhópa (kafla I; Kortlagning – greining – kostir, bls. 16) og er getið um þrjá markhópa sem eru

1. Hópur einstaklinga sem dæmdir eru ósakhæfir og þurfa öryggisgæslu
2. Hópur einstaklinga með langvarandi og víðtækja hegðunarröskun
3. Fangar sem eru sakhæfir en hafa verið greindir með geðröskun og eru vistaðir í fangelsum

Þá er fjallað sérstaklega um stöðu einstaklinga með alvarlegan hegðunarvanda vegna framheilaskaða.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur markhóp 1 og 3 vera skýra og ljóst hverjir falla undir þessa markhópa en telur þörf á nánari skilgreiningu á markhópi 2, þ.e. einstaklinga með langvarandi og víðtæka hegðunarröskun og styður heilshugar það mat vinnuhópsins sem fram kemur á bls. 18 að ráðast þurfi í ítarlegri úttekt á stöðu fyrrgreindra hópa til að tryggja að samræmdar forsendur séu lagðar til grundvallar mati á þörf fyrir þá þjónustu sem um ræðir. Þá telur velferðarsvið Reykjavíkurborgar ekki rétt að draga sérstaklega fram einstaklinga með ákveðnar greiningar, þ.e. framheilaskaðaða, heldur færi betur á að þeir einstaklingar féllu undir markhóp 2.

II. Athugasemdir við ákveðnar greinar í drögum að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun:

Hvað varðar **1. gr.** frumvarpsins þá ítrekar velferðarsvið Reykjavíkurborgar að mikilvægt er að lagagrundvöllur öryggisvistunar sé tryggður áður en lögín öðlast gildi og vísast til varðandi það til umfjöllunar hér að framan. Þá er einnig mikilvægt að það liggi skýrt fyrir hvort dvöl í öryggisgæslu eða öryggisvistun feli í sér að viðkomandi dveljist á stofnun á vegum ríkisins eða hvort um sé að ræða heimili í skilningi laga. Í umfjöllum um 31. gr. í greinargerð með frumvarpinu segir:

„Gert er ráð fyrir því að öryggisþjónustustaður sjái notanda fyrir húsnæði, mat o.þ.h. og að notandi greiði ekki fyrir það, enda sæti hann öryggisgæslu á grundvelli dómsúrlausnar. Af því leiðir að ákvæði almanna-tryggingalaga um að bætur falli niður gildi um notendur, sbr. 56. gr. laga nr. 100/2007, en þar segir að sæti lífeyrisþegi gæsluvarðhaldi eða sé hann á annan hátt úrskurðaður til dvalar á stofnun skulu falla niður allar bætur til hans eftir fjögurra mánaða samfellt gæsluvarðhald eða dvöl. Þegar bætur hafa verið felldar niður er heimilt að greiða ráðstöfunarfé í samræmi við 8. mgr. 48. gr. sömu laga.“

Nauðsynlegt er að hugað sé að þessu m.t.t. þeirrar stöðu sem viðkomandi einstaklingar koma til með að búa við og hvort það sama komi til með að eiga við um þá sem sæta öryggisgæslu og öryggisvistun.

Í **3. mgr. 2. gr.** er ekki vísað til öryggisvistunar en ætla verður að 3. mgr. 2. gr. eigi einnig að taka til hennar.

Í **3. gr.** er aðeins vísað til öryggisráðstafana en ekki til öryggisvistunar. Þrátt fyrir að lagagrundvöllur öryggisvistunar sé óljóst verður að telja að 3. gr. eigi einnig að ná til öryggisvistunar. Mikilvægt er að skoða frumvarpið í heild m.t.t. þess hvort fleiri ákvæði eigi ekki að taka til öryggisvistunar.

Hvað varðar skilgreiningar í **4. gr.** er ítrekað það sem rakið er að framan varðandi notkun á orðinu *öryggisþjónusta* og *notandi*.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur ekki fallist á skilgreiningu á *öryggisvistun* þar sem lagagrundvöllur öryggisvistunar liggur ekki fyrir og því er óljóst hvað felst í öryggisvistun (sbr. e. liður. 4. gr.). Þegar um er að ræða svo viðurhlutamiklar ákvarðanir gegn frelsi fólks verður að gera ráð fyrir að koma þurfi til úrskurðar dómstóla svo unnt sé að beita öryggisvistun auk þess sem ekkert liggur fyrir um framkvæmd, ábyrgð og annað tengt öryggisvistun. Ítrekuð er

fyrrri ábending um nauðsyn þess að breytingar á sérlögum í tengslum við öryggisvistun liggi fyrir samhliða drögum að frumvarpi um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar.

Þá er lagt til að notað verði annað orð en öryggisþjónustustaður og vísast þar í fyrrri ábendingar í tengslum við orðið „þjónusta“. Mögulega væri hægt að nota orðin vistunarstaður eða gæslustaður.

Við skoðun á **7. gr.** vakna upp spurningar hvort forsendur séu fyrir heilli stofnun um þessi mál eða hvort umræddur málaflokkur ætti e.t.v. að vera hluti af skyldum Fangelsismálastofnunar. Sé gert ráð fyrir nýrri stofnun er mikilvægt að henni sé tryggt nægt fjármagn frá upphafi til að geta sinnt þeim verkefnum sem lögin fela í sér ásamt því að tryggja samfellu í þjónustu sem fellur innan málaflokksins.

Í **8. gr.** er kveðið á um að forstjóri Öryggisþjónustu ríkisins ráði forstöðumann öryggisþjónustustaðar sem heyrir undir stofnunina. Í greinargerð með drögum að frumvarpi til öryggisráðstafana og öryggisvistunar kemur fram að málsgreinin eigi ekki við um öryggisþjónustustaði sem heyra undir aðra aðila, t.d. Landspítalann eða sveitarfélög. Í 4. gr. er öryggisþjónustustaður skilgreindur á þann hátt að það sé sá staður sem einstaklingur, sem sætir öryggisgæslu eða öryggisvistun, dvelur á og fær viðeigandi þjónustu. Þá er tilgreint að til þeirra teljist m.a. sérútbúnað öryggisþjónustustofnanir og meðferðarstofnanir, þ. á m. geðdeild. Með hliðsjón af því þá falla allir öryggisþjónustustaðir undir Öryggisþjónustu ríkisins og er því hér um ákveðið ósamræmi að ræða. Æskilegt er að kveðið sé skýrar á um þetta, sérstaklega þegar samið er um að aðrir aðilar taki þjónustuna að sér.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vill einnig leggja mikla áherslu á að sérmenntað starfsfólk starfi á þessum vettvangi þar sem um er að ræða meðferð en ekki einungis búsetu, sbr. **2. mgr. 8. gr.**

Þá er í **3. mgr. 8. gr.** kveðið á um að starfsleyfi skuli liggja fyrir en ekki er tilgreint um hvers konar starfsleyfi sé að ræða og á grundvelli hvaða laga.

Einnig er nauðsynlegt að skoða hvort ákvæði **6. mgr. 8. gr.** þurfi að vera ítarlegra með vísan til almennra skaðabótareglna, t.d. með tilliti til saknæmis.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggur til að **11. gr.** er varðar siðareglur verði sleppt enda verður almennt að telja að starfsfólk sé bundið af þeim siðareglum sem settar hafa verið um viðkomandi starfsstétt.

Í **14. gr.** er vikið að samningum um öryggisgæslu en ekki er vikið sérstaklega að öryggisvistun. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ætti 14. gr. einnig að vísa til þess að heimilt sé að semja við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd öryggisvistunar enda er öryggisvistun úrræði sem er á vegum og ábyrgð ríkisins. Ekki er heldur vikið að öðrum öryggisráðstöfunum og verður því að ætla að Öryggisþjónusta ríkisins muni ávallt halda utan um þær ráðstafanir.

Fjallað er um skipun tilsjónarmanns í **15. gr.** þar sem fram kemur að þegar einstaklingi er gert að sæta öryggisráðstöfun eða öryggisvistun þá skuli héraðsdómur skipa honum tilsjónarmann með bókun í þingbók. Í því sambandi eru einnig lagðar til breytingar á 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hvað varðar öryggisráðstafanir. Þar sem ekki liggur fyrir hvernig lagagrundvelli fyrir öryggisvistun verður háttáð og hvernig framkvæmd ákvörðunar um öryggisvistun á sér stað þá liggur heldur ekki fyrir hvernig lagagrundvöllur fyrir skipun tilsjónarmanns verður þegar um öryggisvistun er að ræða. Brýnt er að bætt sé úr þeim vankanti.

Í **2. mgr. 18. gr.** er fjallað um tilkynningu um dómsúrlausn er varðar öryggisvistun. Sá aðili sem óskar eftir öryggisvistun skal senda hana til Öryggisþjónustu ríkisins sem tekur við henni til framkvæmdar. Í greinargerð með drögum að frumvarpi að lögum um öryggisráðstafanir og öryggisvistun kemur fram að gert sé ráð fyrir því að félagsþjónusta þess sveitarfélags sem viðkomandi býr í leggi fram kröfu um öryggisvistun fyrir dómi. Ekki liggja fyrir nein lagaákvæði (eða drög að lagaákvæðum) sem kveða á um að félagsþjónusta sveitarfélaga sinni umræddu hlutverki og því ekki unnt að gera umrædda kröfu á félagsþjónustu sveitarfélaga.

Hvað varðar **21. gr.** er rétt að vísa til þess að drög að frumvarpi að lögum um öryggisráðstafanir og öryggisvistun er m.a. til komið vegna skorts á umgjörð sem leiddi til þess að dómur og úrskurðir varðandi öryggisráðstafanir voru á ýmsa vegu og stundum óljósir. Með vísan til þess er að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að dómsúrlausnir í þessum málum verði að vera skýrar og dómur meðvitaðir um ólík úrræði og hvað felist í hverju þeirra. Velt er upp þeim möguleika hvort æskilegt væri að tilgreint sé sérstaklega hvað þurfi að koma fram í dómsúrlausn eða að dómurum verði gefnar leiðbeiningar varðandi umrædd úrræði.

Í **3. mgr. 21. gr.** kemur fram að Öryggisþjónusta ríkisins geti jafnframt ákveðið að barn skuli vistað í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda og ber þá viðkomandi stofnun eða heimili að taka við notanda. Ítrekaðar eru fyrri athugasemdir velferðarsviðs Reykjavíkurborgar varðandi úrræði fyrir börn.

Fram kemur í **22. gr.** að Öryggisþjónusta ríkisins framkvæmi dóma og úrskurði um aðrar öryggisráðstafanir og skal það gert í samstarfi við það sveitarfélag þar sem notandi býr eftir því sem þörf er á. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að notendur sem sæta annarri öryggisráðstöfun en öryggisgæslu geti verið í búsetu á vegum félagsþjónustu sveitarfélags og þegar svo hátti beri Öryggisþjónusta ríkisins ábyrgð á framkvæmd öryggisráðstöfunar en félagsþjónustan ber ábyrgð á búsetu og annarri þjónustu við einstaklinginn samkvæmt lögum þar um. Öryggisráðstöfun geti haft áhrif á þjónustuna eða búsetuna á vegum sveitarfélagsins og því sé eðlilegt að samstarf sé á milli Öryggisþjónustu ríkisins og félagsþjónustu sveitarfélagsins um hvernig öryggisráðstöfunum skuli háttáð. Í þessu samhengi er mikilvægt að skýrar heimildir liggja fyrir um miðlun upplýsinga frá Öryggisþjónustu ríkisins til sveitarfélaga en einungis er vikið að miðlun upplýsinga til Öryggisþjónustu ríkisins í 4. mgr. 22. gr. Það sama á við um miðlun upplýsinga samkvæmt **4. mgr. 23. gr.** og **2. mgr. 25. gr.**

Í fyrirsögn **27. gr.** er vísað til heilbrigðis- og félagsþjónustu á öryggisþjónustustað og einnig er vísað til félagsþjónustu í 2. mgr. 27. gr. Í því samhengi er áréttað að sveitarfélögum er ekki skylt að veita stuðningsþjónustu inn á stofnanir, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Lagt er til að **29. gr.** verði felld brott enda er kveðið á um meðferð og aðgang að sjúkraskrá sértökum lögum um sjúkraskrá og því óþarfi að tilgreina það sérstaklega.

Ákvæði **VII. kafla** fjalla um réttindi og skyldur og eru ákvæðin mjög ítarleg. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur að rýna megi sérstaklega hvort e.t.v. væri æskilegra að kveðið væri á um þessi atriði að einhverju leyti í reglugerð. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að skoðað sé hvort sömu kröfur og skyldur hvíli á þeim sem sæta öryggisgæslu, öðrum öryggisráðstöfunum og öryggisvistun.

Hvað varðar **41. gr.** þá er kveðið á um tjáskipti við notanda á tungumáli sem hann skilur. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er einnig mikilvæg að hugað verði að því að tryggja þekkingu á óhefðbundnum tjáskiptum ekki síður en íslensku táknmáli.

Kveðið er á um bann við beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað í **IX. kafla**. Í 1. mgr. 58. gr. segir „Öll beiting nauðungar umfram eðli vistunar á öryggisþjónustustað er bönnuð nema samkvæmt ákvörðun á grundvelli 60. gr. eða ef um er að ræða neyðartilvik skv. 61. gr.“. Nauðsynlegt er að skýra sérstaklega hvað felst í „eðli vistunar á öryggisþjónustustað“ og hvað felst í því að vera dæmdur eða úrskurðaður í öryggisvistun eða öryggisgæslu en telja verður að ákveðin þvingun/nauðung felst í því. Tilgangurinn með þessum úrræðum þarf að liggja skýrt fyrir og hvað sé þarft, heimilt og nauðsynlegt að gera til að úrræðin nái tilgangi sínum. Mikilvægt er t.d. að það sé skýrt að þegar einstaklingur dvelst í öryggisvistun/öryggisgæslu að þá fylgi valdheimildir til viðvarandi skerðingar ferðafrelsis þann tíma sem öryggisvistun/öryggisgæslu er ætlað að vara og að ekki þurfi að sækja um undanþágur á sex mánaða fresti samkvæmt 60. gr. frumvarpsdraganna.

Í **68. gr.** kemur fram að notandi eða tilsjónarmaður geti óskað eftir endurskoðun á öryggisráðstöfun fyrir dómi í samræmi við ákvæði þeirra laga sem ráðstafanir byggja á. Engin slík lagaákvæði eru til staðar hvað varðar öryggisvistun og er því óljóst hvernig endurskoðun og lok vistunar verða framkvæmd í þeim tilvikum.

Vísað er til fyrri umfjöllunar varðandi kostnað skv. **72. gr.**

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllt,
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri